



# HRUNAMANNAREPPUR

## 88. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

### 8. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 7. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þess sat fundinn, Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

1. **Skólanefnd: Fundargerð 22. fundar frá 30. apríl 2026.**

**-Ásamt skóladagatölum Flúðaskóla og Leikskólans Undralands 2026-2027.**

Lögð fram fundargerð 22. fundar Skólanefndar ásamt skóladagatölum Flúðaskóla og Leikskólans Undralands 2026-2027.

*Sveitarstjórn samþykkir skóladagatöl skólanna samhljóða um leið og fundargerðin er lögð fram til kynningar.*

2. **Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 12. fundar frá 17. febrúar 2026.**

Lögð fram fundargerð 12. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar og hugmynd samráðshópsins um aðstoð við sérstök verk rædd. Sveitarstjóra falið að ræða við hópinn um tillöguna.*

3. **Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 13. fundar frá 21. apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð 13. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

4. **Fundargerð 324. fundar skipulagsnefndar frá 29. apríl 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. apríl sl.**

Lögð fram fundargerð 324. fundar skipulagsnefndar frá 29. apríl 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. apríl sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 15. Hverabakki 2: Skilgreining byggingarreita; Deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags, eftir auglýsingu, sem tekur til Hverabakka 2 L166774 í Hrunamannahreppi. Í skipulaginu felst að skilgreindir eru byggingarreitir fyrir núverandi gróðurhús og nýir byggingarreitir fyrir fyrirhugaða stækkun á gróðurhúsum.

Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum við þeim. Einnig bárust athugasemdir frá Skipulagsstofnun sem eru lagðar fram við afgreiðslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Mál nr. 16. Birkihlíð 6: Úr einbýli í tvíbýli; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram óveruleg deiliskipulagsbreyting sem tekur til Birkihlíðar 6 L232270 í Hrunamannahrepp. Núgildandi skilmálar g.r.f. einbýli á tveimur hæðum en verður breytt í tvíbýli á tveimur hæðum. Nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

**Mál nr. 17. Grafarbakki 1C: Byggingarleyfi; einbýlishús.**

Móttekin var umsókn þann 03.03.2026 um byggingarheimild fyrir 84 m<sup>2</sup> einbýlishúsi á íbúðarhúsalóðinni Grafarbakki 1C (L240688) í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki verði gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávík sé að ræða að hagsmunir náganna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki verði gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávík sé að ræða að hagsmunir náganna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Sveitarstjórn samþykkir að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

**Mál nr. 21. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 22. apríl sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. apríl 2026.

Handwritten signatures in blue ink: APT, [unclear], [unclear], DAS, [unclear]

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**5. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 36. fundar stjórnar frá 30. apríl 2026.  
-Ásamt viðauka við fjárhagsáætlun 2026 sem samþykkja þarf sérstaklega.**

Lögð fram fundargerð 36. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu ásamt viðauka við fjárhagsáætlun 2026.

Varðandi lið 1, viðauki við fjárhagsáætlun 2026 vegna mönnunar dagvaktar slökkviliðs samþykkir sveitarstjórn samhljóða viðaukann eins og hann hér er lagður fyrir. Breytingin fellur undir þegar samþykktar fjárheimildir.

Varðandi lið 2, lántaka, samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi samhljóða:

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með samhljóða á fundi sínum að veita einfalda ábyrgð á láni Brunavarna Árnessýsluhjá Lánasjóði sveitarfélaga og veðsetja tekjur sveitarfélagsins til tryggingar ábyrgðinni í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ábyrgðin nær til láns að fjárhæð, allt að kr. 240.000.000,- ásamt vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði, samkvæmt þeim lánaskilmálum sem í boði eru þegar lánið er tekið. Lántakan getur verið í formi skammtímaláns, sem forvera langtímaláns, eða sem langtímalán í þeim skuldabréfaflokkum sem Lánasjóðurinn býður hverju sinni. Sveitarstjórn hefur kynnt sér skilmála viðkomandi skuldabréfaflokka eins og þeir birtast á heimasíðu Lánasjóðsins. Samþykkið nær jafnframt til undirritunar lánasamnings og þess að sveitarfélagið taki á sig þær skyldur sem þar greinir.

Lánið er tekið til byggingar slökkvistöðvar á Flúðum og til fjármögnunar á kaupum á nýrri slökkvibífreid sem staðsett verður í Reykholti. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Sveitarstjórnin skuldbindur sveitarfélagið sem eiganda félagsins/stofnunarinnar til að breyta ekki ákvæðum samþykpta félagsins sem kveða á um að félagið megi ekki, að neinu leyti, fara í eigu einkaaðila.

Ef sveitarfélagið selur eignarhlut sinn til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að tryggja að nýr eigandi yfirtaki ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, sveitarstjóri, kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Hrunamannahrepps, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

**6. Bergrisinn bs.: Fundargerð 93. stjórnarfundar frá 21. apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð 93. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**7. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 254. fundar frá 28. apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð 254. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures in blue ink: "AET", "SS", "DW", and "BR".

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**8. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi framlög til stjórnmálasamtaka frá 5. maí 2026.**

**-Ásamt bréfi frá Ríkisendurskoðun frá 30. apríl 2026.**

Lagt fram minnisblað frá sveitastjóra varðandi framlög til stjórnmálasamtaka ásamt bréfi frá Ríkisendurskoðun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita kr. 400.000,- sem skipt yrði á milli stjórn málasamtaka í sveitarfélaginu. Mun upphæðin skiptast að helmingi miðað við núverandi kjölfylgi þeirra stjórn málasamtaka sem nú sitja í sveitarstjórn og að helmingi miðað við kjölfylgi þeirra lista sem skipa munu sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum þann 16. maí næstkomandi. Er þessi ákvörðun í samræmi við skyldu sveitarfélaga og þau lög sem í gildi eru um framlög til stjórn málasamtaka.

**Mál til kynningar:**


**9. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 997. fundar frá 17. apríl 2026.**

Lagt fram til kynningar.

**10. Ársskýrsla Kvenfélags Hrunamannahrepps 2025.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:43

Dæti Geir Samúelsson  
Alexandra Rós Jóhannesdóttir  
Bjarney Vignisdóttir  
  
Hervor A Haukur  
Elfi Flaptkeimur